

3. desember 1969.

413

Nr. 259.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um mjólk og mjólkurvörur nr. 157 4. september 1953.

1. gr.

Aftan við 1. gr. bætast tveir nýjir föluliðir:

21. Samsett mjólk, (rekonstrueruð), er gerð úr mjólkurdufti eða undanrennu-dufti, og ósöltuðu, ósýrðu og ólituðu smjöri, ásamt vatni. Í hverjum 1000 lítr-um samsettrar mjólkur skal vera minnst 42 kg smjör, ósaltað, ósýrt og ólit-að, og 104 kg af undanrennu-dufti eða samsvarandi magn af mjólkurdufti.
22. Breytt mjólk, (modifiseruð), er nýmjólk, sem í er bætt samsettri mjólk, allt að 20% af heildarmagni.

2. gr.

Aftan við 9. gr. reglugerðar komi ný grein, er verði 10. gr., svo hljóðandi:

Þegar skortur er á nýmjólk er heimilt að bjóða til sölu og selja til manneldis breytta mjólk. Hún skal vera fitusprengr og gerilsneydd.

Umbúðir breyttrar mjólkur skulu vera greinilega auðkenndar á þann hátt, sem ráðuneytið samþykkir og er seljanda skylt að auglýsa merkinguna sérstaklega og á þann hátt, sem bezt hentar á hverjum stað.

Sé breytt mjólk seld í lausu máli skal auglýsa á sölustað þegar breytt mjólk er á boðstólum.

Sömuleiðis er heimilt að bjóða til sölu og selja þegar skortur er á nýmjólk sýrða mjólk, sem í er samsett mjólk, allt að 80% af heildarmagni.

3. gr.

10. gr. verður 11. gr. og 11. gr. verður 12. gr.

4. gr.

3. tl. 9. gr. fellur niður.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 24/1936, sbr. og 19. gr. laga nr. 12/1969, öðlast gildi þegar í stað að öðru leyti en því, að 4. gr. öðlast gildi 1. janúar 1970.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 3. desember 1969.

Jóhann Hafstein.

Jón Thors.